

**Ed.**

**346. Frumvarp til laga**

[181. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jón Árnason, Steingrímur Hermannsson, Björn Jónsson,  
Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

3. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. janúar 1972 greiðir áhafnadeild hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer). Þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti hafi eigendur þeirra aðalatvinnu af útgerð þeirra og fullnægi sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Aðalbreytingin, sem fólgin er í þessu frumvarpi, er sú, að greiðsla fæðiskostnaðar úr aflatryggingasjóði vegna opinna vélbáta verði ekki miðuð við róðrafjölda, eins og nú er, heldur við fjölda úthaldsdaga, líkt og gildir um alla aðra báta. Sjómenn á opnum vélbátum eru látnir greiða í aflatryggingasjóð af afla sínum og eiga því að hafa sama rétt og sjómenn á stærri bátum. Á Norðurlandi er algengt, að 5—10 tonna bátar fari í langa róðra að sumrinu, t. d. norður að Grímsey, og hver róður taki 2—4 daga. En vegna þess að lögin miða við róður, en ekki úthaldsdag, fá sjómennirnir aðeins einn fæðisdag greiddan fyrir margra daga úthald. Þessu þarf að breyta.

Trúnaðarmenn Fiskifélags Íslands fylgjast með því, að ákvæði laganna um greiðslu fæðiskostnaðar séu ekki misnotuð. Það atriði, að eigendur bátanna eru skyldir til að kaupa slysa- og ábyrgðartryggingu, ef þeir vilja gera kröfu um greiðslu fæðiskostnaðar, minnkar verulega líkur fyrir misnotkun. En til að auðvelda starfsmönnum Fiskifélagsins að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun þessa ákvæðis, er sú krafa gerð, að um sé að ræða aðalatvinnu manna.